



Heilbrigðisstofnanir, þ.m.t. Landspítali og Sjúkrahúsið á

Akureyri
b.t. forstjóra.

Kópavogi, 1. júlí 2020.

Efni: Námsleyfi lækna.

Læknafélag Íslands (LÍ) vill með bréfi þessu taka upp ýmislegt, sem tengjist námsleyfum lækna sem farið hafa í uppnám á þessu ári vegna COVID-19.

Athygli LÍ hefur verið vakin á því að margar, mögulega allar, heilbrigðisstofnanir hafa bannað námsleyfisferðir á þessu ári. LÍ hefur fullan skilning á því en telur að stofnanir verði þá að gæta þess að námsleyfi sem lækna geta ekki tekið á þessu ári fyrnist ekki heldur verði þeim gert mögulegt að taka þau á næstu misserum.

Afnám fyrningar á námsleyfum um sinn hjálpar hins vegar ekki þeim hópi lækna sem breyta um vinnustað á árinu eða hætta í starfi vegna aldurs. Reglan er sú að þegar lækna breyta um vinnustað verða þeir að hafa tekið áunnið námsleyfi áður en þeir hætta á vinnustaðnum, ella fellur áunninn námsleyfisréttur niður. Námsleyfisrétturinn flyst ekki með lækni yfir á nýja vinnustaðinn. Með sama hætti hefur framkvæmdin verið sú að lækni sem er að hætta störfum vegna aldurs verður fyrir starfslok að hafa tekið út áunnið en ótekið námsleyfi, ella fellur rétturinn niður við starfslok. Frestun á fyrningu námsleyfis kemur þessum hópi því að engu gagni.

Með bréfi þessu vill stjórn LÍ, sem ræddi þessi mál á stjórnarfundi 29. júní sl., því beina eftirfarandi til forstjóra heilbrigðisstofnana:

1. Að stofnanir beiti ekki fyrningarákvæðum gagnvart námsleyfum á næstu misserum, enda eru námsleyfi kjarasamningsbundinn réttur og kjarasamninga ber að virða.
2. Að sá hópur lækna sem breytir um vinnustað á árinu eða hætta í starfi vegna aldurs fái annað hvort leyfi til að taka áunnið en ótekið námsleyfi fyrir starfslok á árinu 2020 en ella að áunninn námsleyfisréttur verði greiddur út til þeirra þegar starfi lýkur.

Eins og áður segir eru námsleyfi kjarasamningsbundinn réttur. Endurmenntun lækna skiptir máli fyrir gæði og framþróun heilbrigðisþjónustunnar og öryggi sjúklinga og það er mikilvægt að þessi réttur sé virtur í hvívetna.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður.